

Reglur um fastanefndir Lagadeildar  
*Samþykktar á deildarfundi 29. maí 2018*  
*Með breytingum samþykktum á deildarfundi 26. janúar 2021*

1. gr.

*Markmið.*

Markmið þessara reglna er að skilgreina hlutverk og verkefni tveggja fastanefnda Lagadeildar, sem nefnast náms- og kennslunefnd og vísindanefnd, og stuðla að skilvirku nefndarstarfi innan deildarinnar.

2. gr.

*Náms- og kennslunefnd.*

Náms- og kennslunefnd er kosin af deildarfundi Lagadeildar til tveggja ára í senn. Hún er skipuð fimm nefndarmönnum og þremur til vara. Þrjú nefndarmanna eru tilnefndir af Lagadeild og skulu vera kennarar við deildina. Einn þeirra er formaður nefndarinnar og skal hann kosinn sérstaklega á deildarfundi. Tveir nefndarmanna skulu koma úr röðum laganema. Tveir varamanna koma úr röðum kennara við deildina og einn úr röðum laganema. Deildarforseta Lagadeildar er heimilt að sitja fundi nefndarinnar og hefur þar tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

Formaður náms- og kennslunefndar er fulltrúi deildarinnar í viðkomandi nefnd Félagsvísindasviðs.

Hlutverk náms- og kennslunefndar er að fjalla um málefni sem tengjast námi, þ.m.t. rannsóknatengdu meistaranámi, og kennslu í lagadeild, m.a. í samræmi við stefnu deildarinnar. Helstu verkefni nefndarinnar eru:

1. Umsjón með námsleiðum Lagadeildar, þ.e. BA-námi, MA-námi (mag. jur.) og LL.M-námi, tilhögun námsmats og þróun og gæðum náms.
2. Árleg endurskoðun hæfniviðmiða BA-náms, MA-náms (mag. jur.) og LL.M-náms.
3. Undirbúningur tillögu um kjörgreinar í MA-námi (mag. jur.).
4. Undirbúningur tillögu um M-námskeið.
5. Tillögur að afgreiðslu umsókna í MA-nám (mag. jur.) við deildina.
6. Tillögur að afgreiðslu umsókna í LL.M-nám við deildina.
7. Mat á umsóknum um skiptinám við erlendar lagadeildir og málefni því tengd.
8. Mat á utandeildarnámi.
9. Mat á námsvist nemenda í framhaldsnámi.
10. Mat á umsóknum nemenda úr öðrum háskólum um BA-nám eða MA-nám (mag. jur.).
11. Mat á aðstoð meistaranema við rannsóknir.
12. Önnur skyld málefni sem varða grunn- og framhaldsnám annað en doktorsnám.

Náms- og kennslunefnd fundar reglulega og eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði á meðan kennsla stendur yfir í deildinni. Starfsmaður skrifstofu Lagadeildar sér um að undirbúa fundi nefndarinnar og ganga frá afgreiðslum hennar í samráði við formann. Afgreiðslur nefndarinnar skulu eftir atvikum bornar undir næsta deildarfund í Lagadeild til samþykktar. Fundargerðir og afgreiðslur nefndarinnar skulu varðveittar á skrifstofu Lagadeildar.

### 3. gr.

#### *Vísindanefnd.*

Vísindanefnd er kosin af deildarfundum Lagadeildar til tveggja ára í senn. Hún er skipuð þremur nefndarmönnum og einum til vara. Nefndarmenn eru tilnefndir af Lagadeild og skulu vera kennarar við deildina. Einn þeirra er formaður nefndarinnar og skal hann kosinn sérstaklega á deildarfundum. Deildarforseta Lagadeildar er heimilt að sitja fundum nefndarinnar og hefur þar tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

Formaður nefndarinnar er fulltrúi deildarinnar í viðkomandi nefnd Félagsvísindasviðs.

Hlutverk vísindanefndar er að fjalla um málefni sem tengjast rannsóknum og doktorsnámi í Lagadeild, m.a. í samræmi við stefnu deildarinnar, og hvernig styðja megi við rannsóknir kennara.

Helstu verkefni nefndarinnar eru:

1. Umsjón með doktorsnámsleiðum Lagadeildar, gæðum námsins og áframhaldandi þróun þess.
2. Regluleg umfjöllun um doktorsnámsleiðir deildarinnar, fagleg gæði þeirra og uppbyggingu námsins að öðru leyti.
3. Árleg endurskoðun hæfniviðmiða doktorsnáms.
4. Almenn eftirlit með doktorsnámi við deildina.
5. Tillögur að afgreiðslu umsókna um doktorsnám.
6. Mat á framlagi doktorsnema í samræmi við reglur eða samning þar að lútandi.
7. Tillögur að ákvörðunum um leiðbeinendur, meðleiðbeinendur, andmælendur og einstaklinga í doktorsnefndir.
8. Önnur skyld málefni sem varða doktorsnám og doktorsnámsleiðir Lagadeildar.

Vísindanefnd fundar a.m.k. tvisvar á ári en annars eins og ástæða kann að vera til. Starfsmaður skrifstofu Lagadeildar sér um að undirbúa fundum nefndarinnar og ganga frá afgreiðslum hennar í samráði við formann. Afgreiðslur nefndarinnar skulu eftir atvikum bornar undir næsta deildarfundum í Lagadeild til samþykktar. Fundargerðir og afgreiðslur nefndarinnar skulu varðveittar á skrifstofu Lagadeildar.

### 4. gr.

#### *Gæðanefnd*

Gæðanefnd er skipuð deildarforseta, sem er formaður hennar, formanni náms- og kennslunefndar og formanni vísindanefndar ásamt tveimur fulltrúum sem koma úr röðum laganema.

Hlutverk gæðanefndar er eftirfylgni með markmiðum og aðgerðum sem fram koma í sjálfsmati Lagadeildar og Stefnu Lagadeildar á hverjum tíma. Gæðanefnd getur tekið upp önnur mál sem lúta að eftirfylgni með öðrum faglegum samþykktum Lagadeildar og ályktað um úrbætur eða breytingar sem varða framangreint.

Gæðanefnd fundar a.m.k. tvisvar á ári en annars eins og ástæða kann að vera til. Starfsmaður skrifstofu Lagadeildar sér um að undirbúa fundum nefndarinnar og ganga frá afgreiðslum hennar í samráði við formann. Afgreiðslur nefndarinnar skulu eftir atvikum lagðar fyrir næsta deildarfundum í Lagadeild til samþykktar. Fundargerðir og afgreiðslur nefndarinnar skulu varðveittar á skrifstofu Lagadeildar.“

5.gr  
*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar, sem samþykktar voru á deildarfundum í Lagadeild 29. maí, 2018 taka gildi nú þegar. Frá sama tíma fellur niður 8. gr. reglna um BA-nám í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands, samþykktar á deildarfundum 25. ágúst 2009.

Við gildistöku reglnanna verður eftirfarandi breyting á 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. reglna um námsvist nemenda í framhaldsnámi við lagadeild Háskóla Íslands samkvæmt 6. mgr. 93. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, samþykktar á deildarfundum 26. febrúar 2008, ásamt síðari breytingum: Í stað tilvísunar til „Námsnefndar“ komi „Náms- og kennslunefnd“.

Við gildistöku reglnanna verður eftirfarandi breyting á 3. mgr. 4. gr. og 2. og 3. mgr. 8. gr. reglna um skiptinám, mat á utandeildarnámi og M-námskeið, sem samþykktar voru á deildarfundum 27. janúar 2009 ásamt síðari breytingum: Í stað tilvísunar til „námsnefnd(ar)“ komi „náms- og kennslunefnd(ar)“.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Vísindanefnd skal kosin á deildarfundum í lok maí 2018 til tveggja ára og tekur formlega til starfa 1. júlí s.á. Nefndin tekur við hlutverki rannsóknanámsnefndar hvað varðar doktorsnám við deildina.

Náms- og kennslunefnd skal kosin á deildarfundum í lok maí 2018 til tveggja ára og tekur formlega til starfa 1. júlí s.á. Nefndin tekur við hlutverki námsnefndar, BA-nefndar og rannsóknanámsnefndar að öðru leyti.